

Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Reykjavík 12. apríl 2019
UST201801-343/F.T.
08.08.02

Efni: Lok eftirfylgni

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt dags. 5. febrúar 2018 þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna fráviks sem skráð var í eftirliti í verksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. á Bíldudal þann 20. október 2017.


Frávikin eru eftirfarandi:

1. Frávik frá gr. 2.1. í starfsleyfi: Rykmagn í útblásturslofti mældist í júlí 2017 vera 28,2 mg/Nm³. Rykmagn var yfir starfsleyfismörkum, þ.e. 20 mg/Nm³. **Rekstraraðili mældi rykmagn í útblásturslofti þann 17. janúar 2019. Rykmagn reyndist vera 6,5 mg/Nm³ í útblásturslofti þurrkara og því undir mörkum starfsleyfis. Frávikinu telst því lokið.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikinu lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.


Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða